

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Maí 2017

## Skráð atvinnuleysi var 1,9% í maí

Skráð atvinnuleysi í maí var 1,9% og minnkaði um 0,2 prósentustig frá apríl. Að meðaltali voru 422 færri á skrá í maí í ár en í maí í fyrra (2016), en þá mældist atvinnuleysi 2,2%.

Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu. Atvinnuleysi minnkaði hlutfallslega meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,4 prósentustig á landsbygginni en 0,2 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu.

Alls höfðu 813 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí en voru 1.064 í maílok 2016. Hefur þeim því fækkað um 251 milli ára.

Greiddar voru 717 milljónir í atvinnuleysistryggingar í maí og 831 milljón í fæðingarorlof.

Í maí komu alls inn 315 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 161 (51%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Vesturlandi, 12%. Um 37% voru annars staðar á

landinu.


Í maí mættu 489 manns í svokallað grunnúrræði hjá Vinnumálastofnun. Grunnúrræði er stutt úrræði sem stendur öllum atvinnuleitendum til boða s.s. starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetning, áhugasviðsgreining og sjálfsstyrking.

Alls voru 963 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok maí eða um 25% allra atvinnulausra og hafði fækkað um 48 frá apríl. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 567 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá.

Í maí gaf Vinnumálastofnun út 162 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 760 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í maí voru 96 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 41 framlengd leyfi og 25 leyfi til námsmanna.

Fyrstu fimm mánuði ársins 2017 hefur Vinnumálastofnun synjað 106 umsóknum um atvinnuleyfi en á fyrstu fimm mánuðum ársins 2016 synjaði stofnunin 26 umsóknum.

Skráð atvinnuleysi frá maí 2015 til maí 2017



## Greining atvinnuleysis

# Atvinnuleysi í maí og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í maí mældist eins og fyrr segir 1,9% og voru að jafnaði 3.596 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 227 á atvinnuleysissskrá frá apríl.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu. Atvinnuleysi minnkaði hlutfallslega meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,4 prósentustig en 0,2 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi var mest á Norðurlandi eystra í maí eða 2,1%, en hafði þó lækkað úr 2,5% frá fyrri mánuði. Næstmest var atvinnuleysi á Suðurnesjum og


Vestfjörðum eða úr 2,2% í apríl í 1,6% í maí og á Austurlandi úr 1,8% í apríl í 1,4% í maí.

Alls var 1.731 karl að jafnaði atvinnulaus í maí og 1.865 konur og var atvinnuleysi 1,7% meðal karla og 2,2% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar nokkuð milli ára og er nú 0,1 prósentustigi lægra meðal karla og 0,4 prósentustigi lægra meðal kvenna en í maí 2016. Alls voru 446 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok maí í ár sem samsvarar um 1,5% atvinnuleysi. Atvinnulaus ungmenni voru 577 í maí 2016 og hefur þeim því fækkað um 23% milli ára. Næstmesta fækkun í aldurshópum meðal atvinnulausra var á aldersbilinu 55 til 59 ára um 20% og 12% fækkun var í aldurshópnum 25 til 29 ára frá maílokum 2016.

## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 813 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí en voru 1.064 í maílok 2016. Hefur þeim því fækkað um 251 milli ára. Þeim sem verið höfðu án atvinnu í 6 mánuði eða lengur fækkaði um 36 frá apríl og voru 1.743 í lok maí. Hins vegar fækkaði þeim um 403 frá maí í fyrra.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



höfuðborgarsvæðinu, 2,0% og hafði einnig lækkað frá fyrri mánuði þegar það var 2,2% á höfuðborgarsvæðinu og 2,4% á Suðurnesjum. Hlutfallslega lækkaði atvinnuleysið mest á

**GREIÐSLUSTOFA  
GREIDDI**

**717 milljónir**

**Í MAÍ**

**Þar af voru:**

656 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

36 milljónir vegna barnadagpeninga.

25 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

## Starfsstéttir og atvinnugreinar


Atvinnulausum fækkaði í öllum starfsstéttum frá maí 2016 nema hvað sjómönnum og véla- og vélgæslu-fólki fjölgaði lítið eitt.

Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að fleiri eru nú á skrá í sjávarútvegsgreinum en fyrir ári en fækkun er í flestum öðrum greinum, einkum í félagar-, menningar- og persónutengdri þjónustu, verslun, upplýsinga- og fjarskiptagreinum, veitinga- og gistipjónustu.

## Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 963 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok maí eða um 25% allra atvinnulausra og hafði fækkað um 48 frá apríl. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 567 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisráð. Þessi fjöldi samsvarar um 4,4% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



## Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi minnkar jafnan milli maí og júní meðal annars vegna árstíðasveiflu og er gert ráð fyrir að svo verði einnig í ár og að atvinnuleysi verði á bilinu 1,6-1,8% í júní. Gera má ráð fyrir að fækkun meðal atvinnulausra verði mest í flutningastarfsemi og mannvirkjagreinum í takt við aukin umsvif í þeim greinum yfir sumarmánuðina.

## Þjónusta við atvinnuleitendur


# Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

## Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 842 einstaklingar af skrá í maímánuði. Um 560 þeirra fóru í vinnu eða um 67%. Þá voru 154 einstaklingar (18%) sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok maí eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig fóru 10 af skrá þar sem bótaréttur var fullnýttur, 13 fóru í fæðingarorlof, 23 voru óvinnufærir eða fóru í einhver endurhæfingar- eða meðferðarúrræði, og aðrir fóru af bótum vegna búferlaflutninga, náms eða úrskurðar um slíkt frá Vinnumálastofnun.

Ástæður þess að fólk hættir á atvinnuleysisbótum




Um 53% þeirra sem fóru af skrá voru karlar og 47% konur. Um 31% höfðu verið atvinnulausir í hálf tveimur árum eða lengur. Um 80% þeirra sem voru afskráðir í maí voru Íslendingar, 9% voru Pólverjar.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf, skrifstofufólk	31	10%
Þjónustustörf	55	17%
Afgreiðslustörf í verslunum og matsölustöðum	34	11%
Iðnaðarmenn	33	10%
Bílstjórar og vélafólk	22	7%
Verkafólk í þjónustu	84	27%
Verkafólk í landbún, garðyrkju	56	18%
Samtals	315	100%

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

### Margskonar vinnumiðlunarþjónusta

Vinnumálastofnun miðlaði 11 atvinnuleitendum í störf á grundvelli starfsþjálfunarsamnings í maí þar sem fyrirtæki fær fjárhagslegan styrk í 6 mánuði til að ráða atvinnuleitanda í tiltekið starf. Alls voru 98 einstaklingar starfandi í slíkum starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í maí, 54% karlar og 46% konur.



EURES evrópsk vinnumiðlun miðlaði 19 einstaklingum í störf á Íslandi í maí eftir að fyrirtæki höfðu óskað eftir starfskrafti í gegnum miðlunina.


### Auglýst störf í vinnumiðlun í maí

Í maí komu alls inn 315 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 161 (51%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Vesturlandi, 12%. Um 37% voru annars staðar á landinu. Mest er um ýmis konar störf fyrir verkafólk, eða um 44% auglýstra starfa. Annars er um nokkuð fjölbreytta flóru starfa að ræða eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar.

### Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í maí voru fyllt 524 pláss á svokölluðum kynningarfundum víðs vegar um landið þar sem farið var yfir helstu réttindi og skyldur atvinnuleitandans auk þess sem kynnt voru nytsamleg verkfæri í atvinnuleitinni. Þátttaka á slíkum fundum er tiltölulega jöfn milli kynjanna þótt konur séu nokkru fleiri eða 54%. Um 18% þeirra sem mættu á slíkan fund voru erlendir ríkisborgarar.

Þjóðerni þeirra sem sóttu stutta kynningarfundum í maí



Í maí mættu 489 manns í svokallað grunnúrræði hjá Vinnumálastofnun. Grunnúrræði er stutt úrræði sem stendur öllum atvinnuleitendum til boða s.s. starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetning, áhugasviðsgreining og sjálfsstyrking. Um 38% þeirra fóru í grunnúrræði tengt sjálfsstyrkingu og bjargráðum.

Skipting þátttakenda á tölvu/bókhaldsnámskeiðum í maí eftir kyni




Alls voru 59 einstaklingar skráðir í atvinnutengt úrræði í maí, um 88% þeirra voru Íslendingar. Nokkuð fleiri konur tóku þátt í slíku úrræði eða um 66%.

Atvinnuleitendum stendur til boða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að taka námskeið og fög á framhalds- og háskólastigi samhliða atvinnuleit sinni. Í maí nýttu 165 einstaklingar þann rétt sinn. Konur voru þar í meirihluta eða 70%.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í maí unnu 38 einstaklingar að slíkri hugmynd, 13 karlar og 25 konur, af þeim voru 5 erlendir ríkisborgarar.

Skipting þátttakenda sem unnu að þróun eigin viðskiptahugmyndar í maí eftir kyni



Atvinnuleitendum stendur til boða að fara í almennt tölvanám eða bókhalds- og skrifstofunám og voru 106 einstaklingar skráðir á slík námskeið í maí. Mun fleiri konur sóttu slík námskeið eða 84 konur en einungis 22 karlar.

## FÆÐINGARORLOFS-SJÓÐUR GREIDDI

### 831 milljón


til 1.051 karls og 2.756 kvenna í maí 2017

### Atvinnuleit erlendis

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES ríkis í allt að þrjú mánuði fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Við slíkar kringumstæður heldur atvinnuleitandi réttindum sínum áfram á Íslandi meðan á atvinnuleit stendur í öðru landi. Í maí fengu 58 einstaklingar U2 vottorð sem er um það bil 50% aukning frá síðasta mánuði. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 72%.

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa einnig þann möguleika að flytja réttindi sín í atvinnuleysisstryggingakerfinu til annars EES ríkis. Í maí voru 60 einstaklingar sem nýttu sér slíkan rétt sinn og fluttu flestir þeirra réttindi sín til Póllands eða 43%.

Útflutt réttindi í atvinnuleysisstryggingakerfinu eftir löndum í maí



Í þeirri þenslu sem nú ríkir á íslenskum vinnumarkaði ætti að vera nokkur eftirspurn eftir því frá öðrum löndum að hefja hér atvinnuleit. Engu að síður eru sárafáir atvinnuleitendur í öðrum löndum EES að nýta sér slíka möguleika þegar horft er til þeirra leyfa sem önnur lönd veita sínum atvinnuleitendum til

atvinnuleitar á Íslandi. Sá fjöldi hefur farið niður ár frá ári og umfangið er lítið.

## Útlendingar


# Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Vinnumálastofnun hefur synjað yfir 100 umsóknum það sem af er ári

Í maí gaf Vinnumálastofnun út 162 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 760 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í maí voru 96 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 41 framlengd leyfi og 25 leyfi til námsmanna.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins 2017 hefur Vinnumálastofnun lokið við afgreiðslu á 900 umsóknum um atvinnuleyfi, en á sama tíma árið 2016 hafði stofnunin lokið við afgreiðslu á 631 umsókn um atvinnuleyfi og þar af gaf stofnunin út 559 atvinnuleyfi. Á meðfylgjandi súluriti sést samanburður á synjuðum umsóknum um atvinnuleyfi fyrstu fimm mánuði árána 2016 og 2017.

Tegundir synjaðra umsókna um atvinnuleyfi jan-maí 2016 og 2017



Fyrstu fimm mánuði ársins 2016 synjaði Vinnumálastofnun 26 umsóknum um atvinnuleyfi en á fyrstu fimm mánuðum ársins 2017 hefur stofnunin synjað 106 umsóknum. Allt árið 2016 synjaði

Vinnumálastofnun 123 umsóknum. Hefur stofnunin synjað um 12% umsókna um atvinnuleyfi það sem af er þessu ári en fyrstu fimm mánuði ársins 2016 synjaði stofnunin um 4% umsókna. Hefur hlutfall synjaðra umsókna þrefaldast frá því á sama tíma í fyrra. Útgefnum leyfum hefur hlutfallslega fækkað úr um 89% niður í 84% fyrir fyrstu fimm mánuði ársins.

Starfsmönnum starfsmannaleigna hefur fjölgað um 43% frá janúar 2017

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 37 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í maí. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja voru samtals 374 og hefur þeim fjölgað um 23 frá síðasta mánuði.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleigna, innlendra sem erlendra, samtals 1.219 í mánuðinum á vegum 29 starfsmannaleigna. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað á milli mánaða, eða um 20.

Af þeim 29 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í maí voru 18 innlendar og 11 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar voru með 1.148 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 71. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því aðallega hjá innlendum starfsmannaleigum.

Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í maí voru því samtals 445 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.


Meðfylgjandi súluriti sýnir hver þróunin hefur verið fyrstu fimm mánuði ársins 2017:

Erlend fyrirtæki og starfsmenn þeirra- Þróun á árinu 2017





Starfsmannaleigur og starfsmenn þeirra-  
Próun á árinu 2017



Það eru greinilega sveiflur í fjölda starfsmanna erlendra fyrirtækja á milli mánaða en á sama tíma hefur fjöldi starfsmanna starfsmannaleiga aukist jafnt og þétt á milli mánaða, en í maí mánuði voru 43% fleiri starfsmenn á vegum starfsmannaleiga starfandi en í janúar á þessu ári.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjöllum](#).

## HÓPUPPSAGNIR

Í maí var tilkynnt um

**1 hópuppsögn**

þar sem 92 starfsmönnum var sagt upp störfum í fiskvinnslu.

## Fjöldmenni á ársfundi stofnunarinnar 18. maí 2017

Ársfundur Vinnumálastofnunar fór fram á Grand Hótel Reykjavík 18. maí þar sem áherslan var á **vinnumarkað í þenslu**.

Um **150 manns** mættu til að hlýða á fjölbreytt erindi tengd áherslu fundarins.

Vinnumálastofnun veitti á fundinum árleg hvatningaverðlaun sín, að þessu sinni til **North Is, Ikea** og **Össurs** fyrir gott samstarf og atvinnutækifæri til flóttafólks sem til landsins hefur komið nýlega.

Myndir frá fundinum og dagskrá má nálgast á [facebook síðu stofnunarinnar](#).

## Ársskýrsla Vinnumálastofnunar 2016

Í tengslum við ársfund stofnunarinnar á hverju ári er gefin út ákaflega vönduð og aðgengileg ársskýrsla síðasta árs.

[Hún er nú aðgengileg á netinu.](#)

### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra